

Helga Kress

## Karnivalið í kirkjugarðinum

Höfuð eru afar merkingarbær fyrirbæri í Íslendingasögum. Oftast eru þau afhöggvin og þannig af kastreruðum karlhetjum, eða þau eru af dýrum, draugum eða skrímslum. Þetta eru stór höfuð sem vekja allt í senn undrun, forvitni, óhugnað og aðdáun og eru því upplögð sem leikendur í karnivalskri skemmtun.

Karnival er sýning sem allir viðstaddir taka þátt í, bæði þeir sem horfa og þeir sem horft er á. Einkenni þess er gróteskt myndmál sem beinist að líkamanum, jafnt dauðum sem lifandi, af svo anatómískri nákvæmni að vekur hlátur. Líkamspartar leika lausum hala, mikið er um limlestingar, sár og sýkingar, ýkjur, ofgnótt og afbrigðilegheit.

Ein afbrigðilegasta persóna Íslendingasagna er Egill Skallagrímsson sem vekur furðu allra sem á hann líta vegna tröllslegs útlits, þ.e. ofvaxins og afskræmds líkama, einkum höfuðs, og þess bardagaæðis sem á hann rennur af minnsta tilefni og að því er virðist til þess eins að sanna fyrir sjálfum sér að hann sé karlmaður og hetja, jafnframt því sem það gefur honum efni í skáldskapinn um sjálfan sig. Hann lemur frá sér í allar áttir, drepur mann og annan, oft marga í senn, en kemst sjálfur undan með skrámur þar til hans eigin líkami sigrar hann og hann deyr af elli, rúinn karlmennsku, og endar í haugi. Öllu er þessu lýst í gróteskum myndum og karnivölskum senum sem ná hápunkti í sögulok þar sem hinn ofvaxni líkami er grafinn upp, orðinn að beinahrúgu, með afskræmt höfuðið laust frá bolnum.

Sögulokin, sem vakið hafa heimsathygli og orðið hafa tilefni til jafnt sagnfræðilegra, fornleifafræðilegra sem læknisfræðilegra athugana, eru jarteinasaga. Sögusviðið er kirkjugarðurinn á Mosfelli og sögupersónur, fyrir utan höfuð Egils, eru Þórdís fósturdóttir hans, Grímur maður hennar, presturinn Skafti Þórarinsson og ónefndir áhorfendur. Sagan gerist á þremur plönum og eru lýsingar leikrænar. Fyrst kemur kynning aðstæðna þar sem sagt er frá kristnitöku, kirkjubyggingu og flutningi beina:

Grímr at Mosfelli var skírðr, þá er kristni var í lög leidd á Íslandi; hann lét þar kirkju gera. En þat er sögn manna, at Þórdís hafi látit flytja Egil til kirkju, ok er þat til jartegna, at síðan er kirkja var gör at Mosfelli, en ofan tekin at Hrisbrú sú kirkja, er Grímr hafði gera látit, þá var þar grafinn kirkjugarðr. En undir altarisstaðnum, þá fundusk mannabein;

þau váru miklu meiri en annarra manna bein. Þykkjask menn þat vita af sögn gamalla manna, at mundi verit hafa bein Egils.<sup>1</sup>

Af þessu má sjá að mikil áhersla er lögð á sannindi sögunnar og um það tvívegis vitnað til heimilda. Fyrst er það „sögn manna“ og síðan til áréttingar „sögn gamalla manna“. Til frekari sannindamerkis eru jarteinirnar sem felast í því að beinin fundust á hinum helgasta stað undir altarinu, rétt eins og á þau hefði verið vísað, og voru meiri en annarra manna bein. Þetta eru því tvímælaust rétt bein, jarðneskar leifar dýrlings.

Kemur þá til sögunnar prestur staðarins sem til frekara sannindamerkis er nafngreindur sem sagnfræðileg persóna og tekið er fram, ef einhver skyldi efast, að sé vitur maður:

hann tók upp hausinn Egils ok setti á kirkjugarðinn; var haussinn undarlega mikill, en hitt þótti þó meir frá líkendum, hve þungr var, haussinn var allr báróttir utan svá sem hörpuskel. Þá vildi Skapti forvitnask um þykkleik haussins; tók hann þá handöxi vel mikla ok reiddi annarri hendi sem harðast ok laust hamrinum á hausinn og vildi brjóta, en þar sem á kom, hvítnaði hann, en ekki dalaði né sprakk, ok má af slíku marka, at hauss sá mundi ekki auðskaddr fyrir höggum smámennis, meðan svörðr og hold fylgði.<sup>2</sup>

Sjónarhornið er áhorfenda sem horfa á hausinn upphækkaðan á kirkjugarðinum og velta honum fyrir sér. Svipaða lýsingu er að finna í *Fóstbræðrasögu* þar sem banamaður Þorgeirs er ásamt fylgdarmönnum á leið til alþingis með afhöggvið höfuð hans og hefur það „í belg við slagólar sér til ágætis sigurs síns“. Síðan segir að það „var skemmtan þeirra á áföngum, at þeir tóku höfut Þorgeirs úr belgnum og settu þar á þúfur upp ok hlógu at“. En smám saman er höfðinu nóg boðið og það hefnir sín:

Þeir tóku þá höfut Þorgeirs ok settu þat upp á þúfu eina, sem þeir váru vanir. Þeim sýndisk þá höfuðit ógurligt, augun opin ok muðrinn, en úti tungan. Við þá sýn urðu þeir allhræddir ok felmtsfullir. Þeir grófu þá með öxum sínum hjá höfðinu ok hrundu þar í ofan höfðinu ok grófu á ofan torf.<sup>3</sup>

1 *Egils Saga*. 86. kafli. Vitnað er til útgáfu sögunnar í *Íslenskum fornritum* 2. Reykjavík 1933, bls. 298–299.

2 Sama. Bls. 299.

3 *Fóstbræðra saga*. 18. kafli. Vitnað er til útgáfu sögunnar í *Íslenskum fornritum* 6. Reykjavík 1943, bls. 212.

Af höfði Egils er hins vegar ekkert orðið eftir annað en strípaður hausinn, hauskúpan án holds og húðar. Frá sjónarhorni áhorfenda er hausinn „undarlega mikill“ og með ólíkindum þungur. Þetta sýnir að í karnivalinu taka allir þátt, hausinn hefur gengið á milli og áhorfendur fengið að lyfta.

Þessi undarlega mikli haus vekur vísindalegan áhuga prestsins sem vill „forvitnask“ um þykkleik hans. Eins prestlegt og það nú er (en hvað gera menn ekki í þágu vísindanna) ræðst hann á hausinn með öxi og reynir að brjóta hann. Lýsingin á líffærafræðilegum áhuga hans og viðbrögðum haussins minnir á klausur *Fóstbræðrasögu* um krufninguna á hjarta Þorgeirs, en „þeir skáru upp líkam hans ok vildu sjá hjarta hans, ok var þat eigi meira en valhnot ok hart sem sigg ok ekki blóð í.“<sup>1</sup> Á sama hátt og hjarta Þorgeirs er líkt við litla en harða valhnot er haus Egils líkt við lítið en hart skeldýr sem hefur rekið á land með uppétið innvols, leikfang fyrir börn. Tilraun prestsins mistekst. Hausinn verður að vísu dálítið hræddur, hann hvítar, en það koma hvorki í hann dældir né sprungur. Er það haft til marks um hreysti haussins og hinn vísindalega sinnaða prest sem meira smámenni en önnur. Honum tekst ekki einu sinni að bæta við fari í þegar margdældaðan hausinn. Er hér komin skýringin á bárótttri höfuðskelinni sem seinni tíma vísindamenn hafa verið svo uppteknir af og viljað kenna við ákveðinn sjúkdóm. Bárurnar eru för eftir óteljandi axarhögg sem hausinn varð fyrir í hetjulegum bardögum meðan svörður og hold fylgdu.

Þannig er jarteinásagan paródía á sjálfa sig og um leið á söguna sem sagnfræðilega heimild. Í síðasta hluta hennar sem er aðeins ein lína er tekið fram hvar sönnunargögnin eru grafin, spennandi viðfangsefni fyrir arftaka hins forvitna prests. Og karnivalið í kirkjugarðinum heldur áfram með sínum vísindalega áhuga á sjúklegum haus hetjunnar; á að grafa það upp sem aldrei hefur verið til og setja aftur á kirkjugarðsvegginn, heiminum til sýnis og skemmtunar.<sup>2</sup>

1 Sama. 17. kaffi. Bls. 210–211.

2 Um sjúkdómsvæðingu fræðanna, sjá Þórður Harðarson, „Sjúkdómur Egils Skallagrímssonar.“ *Skírnir* 1984; og Jesse L. Byock, „Hauskúpa og beinin í Egils sögu.“ *Skírnir* 1994, vor. Báðar eru greinarnar með áhrifamiklum myndum af bárótttri höfuðskel Egils. Á öðru róli er Bjarni Einarsson sem færir rök fyrir hausnum sem bókmenntalegu minni þótt sú ágæta niðurstaða hafi ekki skilað sér til fræðanna sem skyldi. Sbr. grein hans „Hörð höfuðbein.“ *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn*. Reykjavík 1976.